

Íbúar og atvinnumál:

- Fleiri verkefni tengd þeim stofnunum sem eru hér fyrir.
 - Koma á fót listasetri í gamla Kvinnaskóla. Eins árs námskeið t.d. í textílmenntun, tónlist. Diplómanám.
 - Heilsutengda þjónustu
 - Endurhæfing (svipað og Reykjalundur, Heilsuhælið í Hveragerði)
 - Hótel/gisting. Sumarbústaðakjarna
 - Hér vantar helst verðmætari störf þannig að fólk með háskólamenntun geti komið aftur heim í hérað í störf við hæfi.
 - Lítil öflug fyrirtæki sem byggjast á menntun
 - Vantar „húsnæði“ undir fyrirtæki, bæði smá og stór. Hvar á að staðsetja fyrirtækjakjarnann? Ferðamátatengt.
 - Fleiri „ríkisstörf“.
 - Auka tengingu við háskóla t.d. í tengslum við söfn/setur textíl/hafis.
 - Framhaldsskóla
 - Fá fleiri störf frá ríkinu.
 - Lítið iðjuver (netþjónabú)
 - Sorpúrvinnsla
 - Sameina grunnskóla Blönduós – Húnavellir. Kona á fót háskóla í húsnæði Húnavallaskóla, t.d. í orku-jarðvarmafræði.
 - Íbúðir/húsnæði í boði fyrir þá sem vilja koma.
 - Lág menntunarstig. Lítið um störf fyrir menntað fólk.
 - Mjög góð fyrirtæki á svæðinu t.d. sláturhús, mjólkurvinnsla, Léttitækni o.fl.
 - Nýta betur það sem við erum með t.d. sjúkrahús, sýslumaður.
 - Á undanförunum árum hafa tapast störf t.d. Rarik, Síminn, Blönduvirkjun, Vegagerð.
 - Sorpúrvinnsla gæti skapað störf.
 - Hvers konar fyrirtæki? Það sem einkennir fyrirtæki hérna er flöt stjórnun. Þar með er lítil möguleiki á að vinna sig upp í fyrirtækjum (annað hvort ertu á gólfinu eða framkvæmdastjóri). Ef væri brattari stjórnun, gæfi það meiri möguleika fyrir fólk.
 - Börnin fara burtu í nám/vinnu > foreldranir fara á eftir, skaðar ákveðið vandamál, t.d. aldurssamsetning íbúa.
 - „Stór“iðju til að nýta orku úr Blönduvirkjun > Netþjónabú?
 - Blanda: nýta orkuna í netþjónabú, en líka kuldann í ánni til að kæla búið.
 - Það er áhugi hjá menntuðu fólki á að flytja heim > það býr til atvinnutækifæri t.d. textíliðnað o.fl.
 - Bærinn er mikið í leiðinni > það er bæði kostir og gallar.
 - Heilsutengd ferðaþjónusta – skýrsla var gerð fyrir 5 árum síðan, tenging spítala, hótels o.fl.
 - Vantar fleiri aðila sem eru að veiða verkefni, eru að herja á að fá verkefni
 - Skoða það sem við höfum – byggja á því – sveitin – matvælaíðnaður – textill. > ýmislegt hægt. Veltur oft á einstaklingum.
 - Háskóli á heilbrigðisviði – tenging við spítala.
 - Háskólastofnanir /-setur (líkt og Ísafjörður). T.d. tengt textílsetri.
 - Fjárnámsaðstaða – ekki nógu góð aðstaða. Enginn starfsmaður. Mikill fjöldi fólks í fjarnámi. Fólk fær sér réttindi ofl. Er að byggja sig upp sem starfsmenn.
 - 3 ný fyrirtæki á svæðinu. Heimamenn hafa keypt þau upp.
 - Vantar fólk á svæðið, ekki atvinnuleysi núna.
 - Gisting: vantar metnað, öll gisting í bænum á sömu hendi – neikvæði ímynd.
 - Með breytingum t.d. vegna olíuverðs, þá verður væntanlega minna flutt inn til landsins, en meira framleitt hér á landi. Skapar ákveðin tækifæri.
 - Líklega mun eftirspurn aukast eftir íslenskum vörum.
-

Sýn fyrir 2028:

- Að atvinnuástand sé gott, þjónustustig hátt, að vinnu dagurinn sé aðeins 8 tímar, snyrtilegt og aðlaðandi sveitarfélag.
 - Fjölskylduvænt samfélag
 - A-Húnavatnssýsla og Skagafjörður eitt sveitarfélag með 8000 íbúa.
 - Að allir hafi atvinnumöguleika óháð menntun.
 - „Kjarni“ fyrirtækja þannig að „öll“ þjónusta er á staðnum
 - Skólabærinn Blönduós
 - Sameinað sveitarfélag A-Húnavatnssýslu
 - Hágæða landbúnaðarhérað
 - Eftirsóknarverður kostur til að búa á.
 - Að sveitarfélagið verði sjálfbærara: hérna séu komnir þeir hlutir sem við þurfum að sækja suður.
 - Háskóli. Töluvert fleiri íbúar. A-Húnavatnssýsla eitt sveitarfélag, jafnvel stærra.
 -
-

Félags- og fræðslumál:

Skólamál:

- Grunnskólann allan á einn stað
 - Byggja skólasal sem nýtist sem samkomusalur og mótuneyti fyrir skólann.
 - Frágangur á skólalóð
-

Félagslíf barna, íþróttir, afbreyting:

- Bæta félagslíf (staðsetningu/aðstöðu) barna/unglinga
 - Auka fjölbreytni í íþróttamálum
 - Það vantar leiksvæði fyrir börn: þau sækja í leiksvæði við skólana, en það þarf þá að setja meiri pening í þau leiksvæði til að þau þoli aukna notkun.
 - Ungt barnafólk að koma til baka. Þarf að gera samfélagið barnvænna. > Íþróttafélagið er öflugt, verið að undirbúa byggingu sundlaugar, eru með mjög góðan leik- og grunnskóla, en tal-, iðju- og þroskajálfun vantar. Einnig vantar að bæta leiksvæðin.
 - Vantar eitthvað fyrir 16-20 ára sem fara ekki í framhaldsskóla > bæta einhvers konar félagsaðstöðu fyrir þau, tómstundsmiðju.
-

Heilsugæsla:

- Heilbrigðisstofnun / félagsþjónusta: - íbúðir fyrir aldraða, - sambýli fyrir fatlaða, - endurhæfing allra (sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, þroskajálfun, talmeinafræðingur).
 - Háskóli tengdur sjúkrahúsi – býr til starfsmenn fyrir sjúkrahúsið
 - Höfum búið við góða lækniþjónustu. En vantar meiri aðgang að sérfræðingum (þeir komi á svæðið, í stað þess að íbúarnir þurfi að fara til þeirra).
 - Vantar að fá iðjuþjálfara o.fl. hingað, en þeir eru á Sauðárkrók. Iðjuþjálfari nýtist öllum (leik-, grunnskóli, starfsmenn, aldraðir,..)
 - Sjúkraþjálfarar eru 3, sem er mjög góð þjónusta. Hægt að gera margt er er stílað á það. > ættum að stíla meira á endurhæfingu.
-

Öldrunarmál:

- „Opíð hús“ fyrir eldri borgara í íþróttahúsinu yfir vetrartímann til að auka hreyfingu.
 - Þjónustuíbúðir
 - Dagvist aldraðra
 - Félagssstarf aldraðra: vantar meira/betra húsnæði. Það er ánægja með starfið, það eru sífellt fleiri og fleiri á þessum aldri, það vantar meiri aðstöðu til að geta haft fjölbreyttara starf t.d. fyrir útskurð o.fl.
 - Það vantar íbúðir fyrir eldri borgara og fönduraðstöðu.
 - Það vantar dagvist aldraðra og mismunandi þjónust.
-

- Vantar að aldraðir hittist og stundi íþróttir/sund.
 - Fólki geti verið sem lengst heima.
 - Það er gott að vera eldri borgari í sveitarfélaginu, en auðvitað eru einstaklingar mis virkir.
 - Rauði krossinn: er með heimsóknnavini.
 - Félagsþjónustan hefur auglýst eftir stuðningsaðilum fyrir aldraða. Hátt hlutfall eldri borgara sem búa einir/tveir í íbúð.
 - Eldri borgarar eru að flytja hingað þó þeir hafi ekki rætur hér.
 - Ættu að veita þá þjónustu að hjón geti komist saman inn á heilbrigðisstofnanir (hluti af því að marka sérstöðu þess að búa þarna).
-

Stofnanir sveitarfélagsins:

- Innkaup stofnana sveitarfélagsins: eitthvað sameiginlegt, en þó lítið. Reynt að versla við aðila hér heima.
 - Félagsheimilið: vannýtt, þarf að finna því hlutverk. Hugmyndir verið um félagsstarf aldraðra, kvikmyndahátíð („Rauði dregillinn“), ráðstefnaaðstöðu í bíósal.
-

- Það sem er sérstaða svæðisins er matvælaframleiðsla.
-

Umhverfi:

Náttúruminjar

- Stekkurinn við Hróteyjarbrúna
 - Ósinn
 - Hrótey
 - Fagrihvammur
 - Mýrarljós ?
 - Mikið um seli í ósnum í ánni
 - Vernda sjávarkambinn
 - Ekki græða upp alla mela
 - Ekki láta trjágróður eyðileggja berjalönd
-

Meningarminjar

- Stekkur
 - Mógafir
 - Undirstöður gömlu brúar
 - Þjóðsögur á Blönduósi
 - Gamla brúarstæðið við Blöndu
 - Nöfn húsanna í Bænum
 - Örnefni á svæðinu – hafa sýnileg ásamt sögu
 - Leifar af rafstöð – Mýrarljós
 - Kvennaskólinn – sagan í kringum hann
 - Gömlu brúna í Hrótey
 - Sögutengd ferðaþjónusta
 - Kastíón
 - Hillebrand og Tomas Thomsen
 - Þurfum öflugari ferðamannatengdar upplýsingar um svæðið
 - Merkja gönguleiðir – kynna t.d. Vatnahverfi
 - Bæta aðgengi að útsýnisskífu
 - Útsýni frá henni að ruslahaugum
-

Vatnsvernd

- Í góðum málum
 - Vatnahverfi - vatnsverndarsvæði
-

Náttúruvá

- Skógarkerfill
 - Flóðahætta í Blöndu hverfandi
 - Ekki græða upp alla mela
 - Ekki láta trjágróður eyðileggja berjalönd
-

Fráveitumál

- Innan ár í vondu ástandi
 - Utan ár í góðu lagi
-

Úrgangsmál

- Urðunarstaður of nálægt bænum
 - Leiðbeiningar
 - Flokkun
 - Úrlausnir
 - Vantar fræðslu um úrgangslosun – til einstaklinga
 - Sóðalegt í Draugagili – allt umhverfið í rusli
 - Vantar flokkunarstöð
 - Rusl út um allt
 - Vantar að fræða fólk um úrgangsstjórnun
 - Þarf að fara flokka sorp – NÚNA!
-

Ásýnd

- Ljúka uppsetningu kaðla milli ljósa á Bakkastíg
 - Sjávarflóð
 - Minnkun aurburðar
 - Skriðuföll og ofanflóð úr Langadalsfjalli allt frá Móbergi
-

Opin svæði til sérstakra nota

- Fólk ánægt með tjaldsvæði
 - Golfvöllinn og umhverfi hans
 - Hátíðasvæði í Fagrahvammi (Kvenfélagsgarðurinn)
 - Kvenfélagsgarðurinn – gera honum hærra undir höfði
-

Umhverfi

- Brú undir brúna
 - Hafíð – brimið söluvara
 - Gönguleiðir
 - Hringleið um bæinn, yfir ósinn og upp í Hrutey
 - Tengja saman söfn með gönguleið yfir Ósinn
-

Hávaði og loftmengun

- Malbika að Kvennaskólanum
-

Byggð

Opin svæði til sérstakra nota

- Óbreytt stærð á golfvelli – 9 holur

Fristundabyggð/ibúðabyggð/(búgarðabyggð)

- Búgarðabyggð í landi Kleifa
 - Fristundabyggð í Hnjúkahlíð
 - Taka Blöndubýggð í gegn og afleggja Hnjúkabyggðina
-

Samgöngu- og veitur:

Vegamál

- Þjóðvegur 1 liggi um Blönduós
- Hættulegt að ganga yfir Blönduósbrú
- Loka Laxárdal fyrir mótorhjólum – Búa til svæði fyrir þá annarsstaðar

Göngu- og reiðleiðir

- Göngubrú undir Blöndubrúna að norðanverðu til að tengjast gönguleið út í Hrútey án þess að þurfa yfir veginn
 - Gönguleið undir Blöndubrú að norðanverðu
 - Göngubrúin – setja hana niður, ofan við núverandi brú
 - Göngubrú yfir Blöndu
-

Flugvöllur

- Malbik á flugvöll